

Ed. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1960 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 80. löggjafarþingi, 1959.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1960 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1960.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum nr. 70/1958 um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1959 með viðauka.